

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
Skúlagata 4
101 Reykjavík



Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember 2020

Efni: Lög um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018, með síðari breytingum (framlenging).

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF vísa í lög 111/2020 um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Lögin sem lögð voru fram af atvinnuveganefnd lengja í því tímabili sem seljendur pakkaferða geta sótt um lán frá Ferðaábyrgðarsjóð til 30. september 2020. Lánið er nýtt til að standa við endurgreiðslukröfur gagnvart neytendum samkvæmt lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Ljóst er að takmarkanir til að hefta útbreiðslu Covid 19 munu vera til staðar í einhverri mynd þar til bóluefni stendur til boða og í dag er vitað til þess að óvissu tímabilið verður lengra heldur en áætlað var þegar lögin voru sett á í september sl. Því verður að bregðast við breyttu ástandi. Af þeim sökum telja SAF rétt að ofangreint ákvæði verði framlengt enn frekar þar til ferðalög geta hafist á ný óhindrað eða að minnsta kosti til 31. desember 2020.

Þannig mæla samtökin með eftirfarandi breytingum á bráðabirgðaákvæði laga 95/2020

- a. Í stað dagsetningarinnar „30. september“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 31. desember 2020.
- b. Í stað dagsetningarinnar „1. nóvember 2020“ í 1. málsl. 10. mgr. kemur: 1. febrúar 2021.
- c. Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2020“ í 2. málsl. 10. mgr. kemur: 1. apríl 2021.

Framkvæmdin á landmærum jafnast á við lokun

Frá 19. ágúst sl. velja farþegar sem koma til Íslands um að fara í 14 daga sóttkví við komuna til landsins eða fara í sýnatöku á Keflavíkurflugvelli eða á öðrum landamærastöðvum og fara síðan í sóttkví þar til niðurstöður liggja fyrir úr seinni sýnatöku 4-5 dögum eftir komu til landsins.

Sú ákvörðun að breyta framkvæmdinni á landamærum var tilkynnt með nokkra daga fyrirvara án fyrirsjáanleika og ábendinga um að slík ákvörðun væri í farvatninu. Með þeirri ákvörðun var fótunum kippt undan ferðaþjónustunni í landinu. Í kjölfarið af þeirri ákvörðun hafa þeir sem eiga pantaða pakkferð í haust og yfir aðventuna óskað eftir endurgreiðslu enda forsendur ferðar þar sem svona framkvæmd er á landmærum ekki til þess fallin til að hægt sé að standa við ferðina.

Skortur á fyrirsjáanleika, varfærni, festu, gagnsæi og meðalhófi

Í ljós þess að enginn fyrirsjáanleiki er í aðgerðum stjórnvalda á landamærum er ekki hægt að gera ráðstafanir til framtíðar og allar ferðaáætlanir til lengri tíma í uppnámi. Stjórnvöld virðast ekki taka ákvarðanir á grundvelli rökstudds forsendumats heldur í flyti án þess að bera saman mismunandi ákvarðanir og hvaða afleiðingar þær geti haft. Í þannig ástandi er ekki hægt að gera ráðstafanir. Það sem ferðaþjónstuna þarf nú er festa og fyrirsjáanleiki og því þarf að lengja í báðum tímabilum Ferðaábyrgðasjóðs svo fyrirtæki hafi einhverja vissu um framhaldið.

Það er mat samtakanna að ofangreindar tillögur rúmist innana núverandi fjárheimilda sjóðsins.

Fyrsta afborgun lánana

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 720/2020, um skilyrði fyrir tímabundnum lánveitingum Ferðaábyrgðasjóðs vegna COVID-19, eiga lántekendur að greiða fyrstu afborgun 1. mars 2021 og síðan á þriggja mánaða fresti eftir það þar til höfuðstóllinn er að fullu greiddur. Enn er mikill óvissu tími til staðar og með vísan til þess þá er alveg ljóst að það þarf að breyta upphafs tíma endurgreiðslna og fresta honum til loka árs 2021 og því þarf að breyta núgildandi 4. gr. reglugerðarinnar.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason

Framkvæmdastjóri